

---

## Minnisblað

Dagsetning: 29. nóvember 2021  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um nýtt afbrigði SARS-CoV-2, Omicron, stöðu og horfur.**

---

Ég vil byrja á að óska þér til hamingju með hið nýja starf sem heilbrigðisráðherra og bjóða þig velkominn til starfa.

Ég mun á næstu dögum senda þér ítarlegra uppgjör vegna COVID-19 hér á landi og reifa hugmyndir mínar um framtíðarhorfur vegna sjúkdómsins.

Í þessu minnisblaði langar mig til að upplýsa þig um hið nýja afbrigði kórónaveirunnar (SARS-CoV-2), sem veldur COVID-19 og nefnt hefur verið Omicron.

Þetta nýja afbrigði greindist fyrst í Botswana í Afríku í byrjun nóvember sl. og hefur síðan greinst í Suður-Afríku og nokkrum löndum utan Afríku m.a. í Evrópu. Mikil fjölgun smita í sunnanverðri Afríku hefur hins vegar vakið áhyggjur um víðtæka dreifingu afbrigðisins í álfunni.

Mjög mörg afbrigði hafa greinst af SARS-CoV-2 frá því að COVID-19 faraldurinn hófst en það sem er sérstakt við þetta nýja afbrigði er hversu margar stökkbreytingar hafa greinst. Um 60 stökkbreytingar hafa greinst í Omicron afbrigðinu og þar af um 30 í hinu svokallaða „spike“ (gadda) geni veirunnar sem stjórnar framleiðslu á „spike“ prótíni (S-prótín) og sem er langt umfram það sem áður hefur sést.

S-prótín finnst á yfirborði veirunnar og stýrir hvernig hún kemst inn í frumur líkamans. Þannig gegnir þetta prótín lykilhlutverki við dreifingu og fjölgun veirunnar í líkamanum. Ónæmiskerfi líkamans myndar einnig mótefni gegn prótíninu í kjölfar náttúrulegra sýkingu og eftir bólusetningu sem verndar gegn frekari sýkingum.

Þegar svo margar stökkbreytingar verða á S-prótíninu þá vakna áhyggjur af því að smithæfni hennar kunni að aukast, hún geti valdið alvarlegri veikindum og að ónæmi sem fengist hefur af fyrri sýkingum og bólusetningum muni ekki vernda gegn frekari sýkingum/smiti.

Því hafa mörg lönd og þ.á.m. Ísland gripið til hertra aðgerða á landamærum á meðan að frekari upplýsinga um afbrigðið er aflað.

Í fyrradag (27.11.2021) var sett ný reglugerð nr. 1240/2021 hér á landi um landamærin þar sem að allir sem dvalist hafa lengur en 24 klst. á sl. 14 dögum í Botswana, Esvatíni, Lesótó, Mósambík, Namibíu, Zimbabve og Suður Afríku verða að fara í PCR próf við komuna hingað til lands og dvelja 5 daga í sóttkví sem líkur með öðru PCR prófi. Þessar ráðstafanir eru í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópusambandsins, sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og heilbrigðis- og öryggismálaráðs Evrópusambandsins (HSC).

Nú er hins vegar ljóst að hið nýja afbrigði er ekki eingöngu bundið við fyrrgreind lönd í suðurhluta Afríku heldur hefur það greinst í öðrum heimshlutum og í nokkrum löndum Evrópu. Við þurfum því að vera undir það búin að það geti borist hingað til lands. Jafnframt þurfum við að undirbúa að grípa þurfi til hertari aðgerðum á landamærum og jafnvel innanlands ef veiran reynist skeinuhættari en talið hefur verið.

Mat á því er nú í gangi og unnið að mismunandi sviðmyndum þar að lútandi. Þær sviðmyndir verða breytilegar eftir því sem nánari upplýsingar berast en gert er ráð fyrir að fyrsta útgáfa verði tilbúin í lok vikunnar.

Þær aðgerðir sem nú eru í gangi á okkar landamærum eiga að minnka áhættuna á því að Omicron afbrigðið berist inn í landið en koma ekki að öllu leyti í veg fyrir það. Auk þess eiga þær sóttvarnaaðgerðir sem nú eru viðhafðar innanlands að lámarka dreifingu þess í samfélaginu. Raðgreing veirunnar sem gerð er af Íslenskri erfðagreiningu mun auk þess greina veiruna fljótt og örugglega og er reynt að flýta því ferli eftir föngum.

Ætla má að frekari upplýsingar muni berast um eiginleika hins nýja afbrigðis á næstu dögum og vikum og þá munu línur skýrast betur. Ég er því ekki á þessari stundu með tillögur um hertari aðgerðir á landamærum eða innanlands en það kann að breytast fljótt.